

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 372/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um um þrávirk, lífræn mengunarefni⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 179I, 9.6.2020, bls. 4.
- 2) Fella ber inn EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/784 frá 8. apríl 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar skráningu á perflúoróoktansýru (PFOA), söltum hennar og skyldum efnasamböndum⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 220, 9.7.2020, bls. 11.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1203 frá 9. júní 2020 um breytingu á I.viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar færsluna fyrir perflúoróoktansúlfónsýru og afleiður hennar (PFOS)⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1204 frá 9. júní 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2019/1021 að því er varðar skráningu á díkófoli ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/277 frá 16. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2019/1021 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar pentaklórófenól og sölt þess og estera ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 188I, 15.6.2020, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 270, 18.8.2020, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 270, 18.8.2020, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 62, 23.2.2021, bls. 1.

- 6) Reglugerð (ESB) nr. 2019/1021 fellir niður reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004⁶ og ber því að fella hana brott úr EES-samningnum.
- 7) Reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1195/2006 ⁽⁷⁾ og (EB) nr. 172/2007 ⁽⁸⁾ og reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 323/2007 ⁽⁹⁾, (EB) nr. 304/2009 ⁽¹⁰⁾, (ESB) nr. 756/2010 ⁽¹¹⁾, (ESB) nr. 757/2010 ⁽¹²⁾, (ESB) nr. 519/2012 ⁽¹³⁾, (ESB) nr. 1342/2014 ⁽¹⁴⁾, (ESB) 2015/2030 ⁽¹⁵⁾, (ESB) 2016/293 ⁽¹⁶⁾, (ESB) 2016/460 ⁽¹⁷⁾ og (ESB) 2019/636 ⁽¹⁸⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, hafa úrelst og því ber að fella þær brott úr EES-samningnum.
- 8) Reglugerð (ESB) 2019/1021 er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins að því er varðar samskipti við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.
- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMBÝKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32019 R 1021**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtið. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 179I, 9.6.2020, bls. 4, breytt með:

- **32020 R 0784**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/784 frá 8. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 188I, 15.6.2020, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 220, 9.7.2020, bls. 11,
- **32020 R 1203**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1203 frá 9. júní 2020 (Stjtið. L 270, 18.8.2020, bls. 1),

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 217, 8.8.2006, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 55, 23.2.2007, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 85, 27.3.2007, bls. 3.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 96, 15.4.2009, bls. 33.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 20.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 29.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 159, 20.6.2012, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 363, 18.12.2014, bls. 67.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 1.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 55, 2.3.2016, bls. 4.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 80, 31.3.2016, bls. 17.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. ESB L 109, 24.4.2019, bls. 6.

- **32020 R 1204**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1204 frá 9. júní 2020 (Stjtið. L 270, 18.8.2020, bls. 4),
- **32021 R 0277**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/277 frá 16. desember 2020 (Stjtið. ESB L 62, 23.2.2021, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn, og sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin aðildarríki(n) og lögbær yfirvöld þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.
- b) Eftirfarandi ákvæði gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin:
 - i) Fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr.,
 - ii) 12. gr. og
 - iii) 3. mgr. 13. gr.
- c) Í annarri undirgrein 1. mgr. 13. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, bætast orðin „eða með því millibili skýrslna sem ákveðinn var á fundi ráðstefnu aðilanna að Stokkhólmssamningnum“ á eftir orðunum „á þriggja ára fresti“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1021, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 179I, 9.6.2020, bls. 4, og framseldra reglugerða (ESB) 2020/784, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 220, 9.7.2020, bls. 11, (ESB) 2020/1203, (ESB) 2020/1204 og (ESB) 2021/277, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

ÓOPINBER ÞÝÐING